

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um skipun í embætti dómara við Landsrétt sem
auglýst var laust til umsóknar 1. apríl 2026**

Reykjavík, 9. júní 2026

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjóarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Málsmeðferð dómnefndar	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	6
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	15
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	15
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	16
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	16
5.3. Reynsla af dómstörfum	17
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	18
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	18
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður	19
5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum	20
5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður	22
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	23
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	23
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	25
5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.	25
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	26
5.7. Reynsla af stjórnun	27
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	28
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	29
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	30
5.9. Sérstök starfshæfni.....	31

6. Færni umsækjenda til að semja dóma	32
7. Niðurstaða dómnefndar	33

1. Umsækjendur

Með bréfi 22. apríl 2026 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 1. apríl 2026.

Umsækjendur um embættið eru: Berglind Svavarsdóttir lögmaður, Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari, Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari, Hildur Briem héraðsdómari, Hulda Árnadóttir héraðsdómari, Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari og Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða dómsmálaráðuneytis var sú að umsækjendur uppfylltu þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Dómnefnd skal samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögninni tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnslu, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda

og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslu eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg

samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls skipuðu eftirtalin dómnefndina: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Nefndarmaðurinn Jóhannes Sigurðsson vék sæti við meðferð málsins og tók

varamaður hans, Arnfríður Einarsdóttir, sæti í nefndinni í hans stað. Umsækjendum var sent tölvubréf 22. apríl 2026 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir um sérstakt hæfi nefndarmanna.

Í framangreindri auglýsingu frá 1. apríl 2026 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembætti upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Í þeim tilvikum sem umsækjendur tilgreindu sömu umsagnaraðila og höfðu nýlega veitt dómnefnd umsagnir um þá í fyrri matsferlum voru þær umsagnir lagðar til grundvallar að ósk umsækjendanna. Í öðrum tilvikum var aflað nýrra umsagna.

Dómnefnd gaf umsækjendum kost á að koma til viðtals við nefndina. Átti nefndin viðtöl við þá umsækjendur sem þess óskuðu dagana 11. og 15. maí 2026.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 3. júní 2026, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 9. sama mánaðar Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort þau hygðust gera athugasemdir og að þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjendum sem leiddu til smávægilegra breytinga á umsögn dómnefndar án þess að breyting yrði á ályktarorðum umsagnarinnar.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni þeirra á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda og þeim gögnum sem þeir létu dómnefnd í té. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Berglind Svavarsdóttir er fædd 2. desember 1964 og er því 61 árs. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1989 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997 og hæstaréttarlögmaður árið 2008. Hún öðlaðist löggildingu til að starfa sem fasteigna- og skipasali árið 1996. Árið 2006 lauk umsækjandinn diplómanámi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri og hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg málefni. Að loknu laganámi, árin 1990 til 1996 starfaði umsækjandinn sem löglærður fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík, þar af sem staðgengill sýslumanns frá 1995 til 1996. Á árunum 1996 til 2003 rak hún eigin lögmannsstofu og fasteignasölu á Húsavík og frá árinu 2003 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi lögmannsstofa í Reykjavík. Umsækjandinn hefur tvisvar verið settur varadómari, annars vegar við fjölskipaðan Héraðsdóm Reykjavíkur árið 2023 og hins vegar við Landsrétt sama ár. Þá var hún skipuð dómandi við Endurupptökudóm frá desember 2024 til loka janúar 2026. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestra og skrifað pistla um ýmis lögfræðileg málefni. Þá hefur hún leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við lagadeild Háskólans á Akureyri. Af öðrum störfum umsækjandans má nefna að hún sat í slitastjórn SPB hf. frá 2009 til 2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. frá 2016 til 2024, þar af sem varaformaður frá 2018 auk þess sem hún var tilnefnd af hálfu bankaráðs til setu í ýmsum nefndum bankans. Hún var í stjórn Lögfræðingafélags Norður- og Austurlands frá 1997 til 2002 og formaður félagsins um tveggja ára skeið frá 2000 til 2002. Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Suður-Þingeyjarsýslu árin 1998 til 2002 og formaður barnaverndarnefndar Þingeyjarsýslu frá 2002 til 2007. Þá var hún varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna frá 2005 til 2015. Umsækjandinn var í stjórn félags kvenna í lögmennsku frá 2008 til 2010 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands árin 2015 til 2021, sem varaformaður frá 2016 til 2017 og formaður frá 2018 til 2021. Hún sat í dómnefnd um umsækjendur sem sóttust eftir tilnefningu af Íslands hálfu sem dómarar í Mannréttindadómstól Evrópu 2013 og hefur setið í prófnefnd um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum frá árinu 2023. Hún var varamaður í Endurupptökunefnd frá 2015 til 2016 og tók þar sæti í einu máli. Hún sat í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis frá 2018 til 2022, var formaður úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar frá 2018 til 2026 og gegnir nú formennsku í úrskurðarnefnd

kosningamála frá 2022 ásamt því að vera varamaður í úrskurðarnefnd váttryggingamála frá 2026 þar sem hún hefur tekið sæti í nokkrum málum.

Eiríkur Elís Þorláksson er fæddur 4. mars 1976 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá King's College í London árið 2008. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 2002 og fyrir Hæstarétti árið 2008. Þá lauk hann prófi til að teljast hæfur stjórnarmaður í váttryggingafélagi árið 2011. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd. Á árinu 2002 hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en var meðeigandi að lögmannsstofu árin 2004 til 2011. Frá 2012 til 2026 starfaði hann við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2017, auk þess sem hann sinnti lögmannsstörfum á tímabilinu. Frá mars 2019 til apríl 2024 gegndi hann starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Hann hefur sinnt kennslu á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, gjaldþrotaskiptaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt í janúar 2026. Áður var hann settur dómari við réttinn í þremur málum árið 2021, um rúmlega tveggja mánaða skeið í lok árs 2024 og aftur frá 1. maí 2025 fram til 19. júní sama ár. Umsækjandinn var varadómandi í Endurupptökudómi frá 2021 til 2026 þar sem hann sat í yfir 30 málum, Auk þessa hefur hann einu sinni átt sæti í gerðardómi. Samhliða starfi sínu sem landsréttardómari er hann dósent við Háskólann í Reykjavík í hlutastarfi. Hann sinnti stundakennslu í félagarétti, kröfurétti og réttarfari á árunum 2002 til 2007 við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, skaðabótarétti við Háskólann á Bifröst árin 2012 og 2014, og hefur frá 2017 kennt fullnusturéttarfari á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur einnig leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við alla þrjá framangreinda háskóla. Umsækjandinn hefur ritað tvær bækur á sviði réttarfars, annars vegar bókina *Alþjóðlegur einkamálaréttur* og hins vegar *Bráðabirgðagerðir* en þær eru báðar ritrýndar. Hann hefur skrifað tvo ritrýnda bókarkafla og fjórtán ritrýndar fræðigreinar, þar af þrjár ásamt öðrum. Auk þess hefur hann skrifað þrjá óritrýnda bókarkafla, einn þeirra ásamt öðrum. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni hérlandis og erlendis auk þess sem

hann var í ritstjórn Tímarits Lögréttu frá 2014 til 2022. Þá var hann ritari kærunefndar útboðsmála frá 2002 til 2007 og varaformaður nefndar um dómarastörf frá 2016 til 2021 þar sem hann tók sæti í einu máli. Hann var varamaður í óbyggðanefnd frá 2010 til 2023 þar sem hann tók sæti sex málum og hefur verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2022. Þá hefur umsækjandinn verið dómkvaddur mats- eða yfirmatsmaður í nokkrum fjölda mála og samið yfir 400 matsgerðir auk þess að hafa verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í níu mánuði á árinu 2021. Hann var settur ad-hoc deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022, settur dómari við áfrýjunardómstól HSÍ árið 2021 og hefur verið varadómari við dómstól HSÍ frá árinu 2022. Árið 2023 var hann settur lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, svo sem Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Stoða hf., sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex frá 2001 til 2007 og gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, þar af formaður frá 2022 til 2024. Þá var hann formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi frá 2011 til 2012 og formaður handknattleiksdeildar Gróttu árin 2009 til 2014.

Halldóra Þorsteinsdóttir er fædd 21. júní 1984 og er því 41 árs. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraprófi í lögfræði frá sama skóla árið 2010. Hún lauk MBA-námi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands árið 2015 og viðbótarmeistaragraðu í lögum (LL.M.) frá University of London árið 2020. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2011. Að loknu lagaprófi starfaði umsækjandinn fyrst sem fulltrúi og síðar sem lögmaður á lögmannsstofu þar til hún tók við starfi aðstoðarmanns í Hæstarétti í mars 2014 sem hún gegndi um þriggja ára skeið. Frá árinu 2017 hefur hún starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2024. Í ágúst 2020 var umsækjandi skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Auk þess tók hún sæti í einu máli í Félagsdómi árið 2025. Samhliða starfi sínu sem héraðsdómari hefur hún gegnt hlutastarfi lektors og síðan dósentis við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hún hefur einnig verið prófdómari og leiðbeinandi í ritgerðum við sama skóla frá árinu 2017. Þá hefur hún frá árinu 2020 sinnt kennslu í diplómanámi í viðskiptafræði og

verslunarstjórnun á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Viðskiptaráðs. Hún hefur verið stundakennari í fjölmiðlarétti og almennum viðskipta- og neytendarétti við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2014 og hefur verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við deildina. Þá hefur hún kennt á löggildingarnámskeiði Iðunnar fræðsluseturs frá árinu 2011. Umsækjandinn hefur starfað við áfrýjunarnefnd neytendamála frá árinu 2013 fyrst sem ritari en frá sama ári sem nefndarmaður og formaður frá árinu 2015. Frá 2017 til 2019 var hún varaformaður fjölmiðlanefndar. Hún ritaði bókina *Fjölmiðlaréttur* ásamt öðrum. Umsækjandinn hefur ritað fjóra bókarkafla og tólf ritrýndar greinar um lögfræðileg málefni, þar af þrjár ásamt meðhöfundum, og tvær óritrýndar greinar ásamt meðhöfundum. Hún var ritstjóri Tímarits Lögréttu á árunum 2018 til 2020 og árið 2021 var hún settur ritstjóri 1. tölublaðs Tímarits lögfræðinga. Hún hefur átt sæti í stjórn fulltrúaráðs Codex frá 2017 og verið formaður stjórnar fulltrúaráðsins frá 2019 ásamt því að hafa verið í stjórn réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá 2020. Árið 2020 var hún skipuð annar stjórnarmaður Íslands í COST-vinnuhópi um endurskoðun og tillögur um mannréttindavernd á internetinu. Árið 2023 var umsækjandinn tilnefnd af dómsmálaráðuneyti til að gegna stöðu tengiliðar dómara vegna Haag-samningsins. Hún hefur flutt erindi og fyrirlestra um lögfræðileg málefni hérlendis og erlendis. Þá hefur umsækjandinn komið að undirbúningi frumvarpa til laga um meiðyrði og breytinga á lögum um fjölmiðla.

Hildur Briem er fædd 14. júlí 1973 og er því 52 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2000 og viðbótarmeistaragráðu í Evrópurétti (LL.M.) frá Háskólanum í Lundi í júní 2005. Hún lauk jafnframt viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands í febrúar 2022. Árið 2004 sat hún námskeið í refsirétti við Kaupmannahafnarháskóla án próftöku. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík á ákærusviði embættisins. Hún hóf störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar til vors 2008 þegar hún varð aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september 2011. Í október það ár var hún skipuð í embætti héraðs-

dómara og dómstjóra við Héraðsdóm Austurlands. Í byrjun árs 2018 fluttist hún í Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur verið dómari þar síðan fyrir utan að hún var settur dómstjóri í maímánuði 2020 við Héraðsdóm Austurlands og settur landsréttardómari frá 11. janúar til 30. júní 2021. Þá hefur hún verið sett dómari í Hæstarétti í fjórum málum. Umsækjandi hefur verið dómandi við Endurupptökudóm frá febrúar 2025. Á árunum 2006 til 2010 sinnti hún stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands og hefur einnig kennt á námskeiðum um lögfræðileg málefni og haldið fræðileg erindi á sviði sakamálaréttarfars. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands árin 2013 til 2017 og var varamaður í dómstólaráði árið 2017. Á árunum 2019 til 2025 var hún fulltrúi íslenskra dómara í stjórn SEND (Samarbetsorganet för Efterutbildning av Nordens domare). Þá hefur hún setið í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi frá ársbyrjun 2016, var settur formaður kærunefndar jafnréttismála í einu máli á árinu 2016 og var varamaður í kærunefnd útboðsmála frá 2019 til 2021, þar sem hún tók sæti í nokkrum málum. Umsækjandi var skipuð til eins árs í nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla í apríl 2026.

Hulda Árnadóttir er fædd 25. september 1974 og er því 51 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2001 og viðbótarmeistaragraðu í lögum (LL.M.) frá Bristol-háskóla á Englandi árið 2006. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2003 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2018. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd frá júní 2001 til september 2005, en starfaði síðan sem lögmaður á lögmannsstofu frá hausti 2006 þar af sem meðeigandi stofunnar árin 2009 til 2021. Í janúar 2021 var umsækjandinn skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjaness en auk þess tók hún sæti í gerðardómi árið 2022. Hún hefur sinnt stundakennslu í Háskóla Íslands frá árinu 2003 þar sem hún varð aðjúnt árið 2018. Hún hefur prófdómari við varnir meistararitgerða og haft umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum við þann skóla. Hún var stundakennari við Háskólann í Reykjavík haustið 2016 auk þess að vera þar prófdómari í samkeppnisrétti frá 2007, prófdómari við einstakar meistararitgerðir frá 2017 og leiðbeinandi við einstakar meistararitgerðir frá 2013. Þá var hún stundakennari við Háskólann á Bifröst á árunum 2013 til 2015. Umsækjandinn tiltekur eina ritrýnda fræðigrein sem hún hefur ritað með öðrum og efni sem notað

hefur verið til kennslu í inngangi að hugverkarétti. Þá hefur hún haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni og kennt á námskeiðum. Auk þess að hafa verið stjórnarmaður á lögmannsstofu um fjögurra ára skeið var hún framkvæmdastjóri dótturfélags stofunnar frá 2018 þar til hún varð héraðsdómari. Einnig hefur hún setið í nokkrum stjórnsýslunefndum og -ráðum, þ.e. í fjölmiðlanefnd, fyrst sem varamaður frá 2011 til 2015, síðan sem varaformaður frá 2015 til 2017 og loks formaður frá 2017 til 2019, í yfirfasteignamatsnefnd á árunum 2013 til 2019, þar af sem formaður frá 2015 til 2019 og loks í kjararáði, fyrst sem varamaður árin 2011 til 2014 og síðan aðalmaður frá 2014 til 2018. Jafnframt var hún varamaður í öbyggðanefnd á árunum 2007 til 2021 og tók ríkan þátt í störfum nefndarinnar ásamt því að vera formaður hennar frá 2021 til 2025. Hún var formaður úrskurðarnefndar Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda frá 2020 til 2023 og varaformaður Siðanefndar Læknafélags Íslands frá 2024. Umsækjandinn var varamaður í stjórn Dómarafélags Íslands árin 2021 til 2025 og stjórnarmaður frá 2025. Hún hefur setið í áfrýjunardómstóli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands frá 2017, var stjórnarmaður í Viðskiptaráði Íslands 2020 til 2021, nefndarmaður í INTA Unfair Competition Committee frá 2019 til 2021, stjórnarmaður í námssjóði Lögmannafélags Íslands frá 2018 til 2021 og stjórnarmaður í fimleikasambandi Íslands frá 2017 til 2021. Þá hefur hún setið í ýmsum vinnu- og starfshópum á vegum Lögmannafélags Íslands og eins á vegum dómstólasýslunnar. Hún hefur unnið við undirbúning lagafrumvarpa, meðal annars frumvarp til laga um fjölmiðla sem varð að lögum nr. 38/2011 og frumvarp til breytinga á þeim lögum, sem varð að lögum nr. 54/2013, auk þess að vinna við ýmis frumvörp til laga og breytingalaga á sviði fiskveiðistjórnunar.

Ragnheiður Snorradóttir er fædd 21. júlí 1965 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993 og viðbótarmeistaragráðu (LL.M.) í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) árið 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árósarháskóla í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði hérlandis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til desember 1994. Á árunum 1994 til 2007

starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra frá 1998 til 2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið árið 2007. Árin 2007 til 2010 var hún nefndarmaður að aðalstarfi í yfirskattanefnd. Hún hóf störf á lögmannsstofu árið 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013. Samhliða og í tengslum við fyrrgreind stjórnssýslustörf gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í nefndum sem meðal annars komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Á árunum 2005 til 2010 var umsækjandinn stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst, árin 2009 til 2013 var hún stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og frá 2017 í réttarfari við sömu deild. Frá árinu 2022 hefur hún á ný sinnt stundakennslu í alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur samið ritið *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur* ásamt öðrum en það hefur verið endurútgefið og uppfært undir nýju heiti, *Alþjóðlegur skattaréttur*, jafnframt því sem þriðji höfundurinn hefur bæst við. Um er að ræða ritrýnd framlög. Þá hefur hún ritað þrjár ritrýndar fræðigreinar þar af er ein þeirra rituð með rannsóknarstyrk frá Norræna skattrannsóknaráðinu. Þá er hefur hún ritað eina óritrýnda grein með öðrum. Af öðrum aukastörfum umsækjandans má nefna að hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara á árunum 1998 til 2002, formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011 til 2013 og átti sæti í Norræna skattrannsóknaráðinu árin 1999 til 2007. Þá samdi hún á árinu 2008, ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd, frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir er fædd 30. janúar 1967 og er því 59 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1993. Umsækjandinn útskrifaðist með diplómu í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki í Finnlandi og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hún hóf meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneýjum haustið 2024. Í febrúar 2025 hófst rannsóknarhluti námsins í Háskólanum í Nottingham og skilaði hún meistararitgerð um sumarið. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1994 og réttindi til þess að flytja mál fyrir Hæstarétti árið 2002. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í endurmenntun um

lögfræðileg efni, meðal annars hjá háskólum og félagasamtökum hérlandis og erlendis. Að loknu laganámi árið 1993 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa til ársins 1994 og árin 1994 til 1996 sem lögfræðingur hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Vorið 1996 hóf hún rekstur eigin lögmennsstofu og fasteignasölu í félagi við annan lögmann sem stóð til vorsins 2001 þegar hún stofnaði lögmennsstofu þar sem hún starfar nú og hefur rekið ein frá þeim tíma. Umsækjandinn sinnti stundakennslu í eignarrétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og stundakennslu í kröfurétti við Háskólann á Akureyri árið 2024 og í málstofu um lögmennsstarfið við sama háskóla frá 2025. Auk þessa hefur hún sinnt kennslu og flutt fyrirlestra um lögfræðileg málefni, meðal annars hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og á vegum Mannréttindastofnunar og Þróunarsjóðs EFTA. Umsækjandinn hefur tvisvar verið oddamaður í gerðardómi. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur frá 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar árin 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar á árunum 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnaðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins frá 1994 til 2022. Hún hefur setið í nefndum á vegum ríkisins og gegnt trúnaðarstörfum í stjórnnum ýmissa stofnana og félagasamtaka bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sat hún í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Þá var umsækjandinn stjórnarmaður og formaður Kvenréttindafélags Íslands árin 2000 til 2009, formaður Úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur frá 2011 til 2019, stjórnarmaður í Bjarkarhlíð frá 2017 til 2019 og formaður stjórnar frá 2019 til 2023, stjórnarmaður í Bjarmahlíð frá 2018 til 2024 og stjórnarmaður í stjórn Lífeyrissjóðs bænda frá árinu 2025.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti landsréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 970/2020, látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Berglind Svavarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989 og diplómanámi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2006.

Eiríkur Elís Þorláksson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá King's College í London árið 2008.

Halldóra Þorsteinsdóttir lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2010. Hún lauk MBA-námi frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands árið 2015 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá University of London árið 2020.

Hildur Briem lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Háskólanum í Lundi árið 2005. Hún lauk viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands 2022.

Hulda Árnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Bristol-háskóla á Englandi árið 2006.

Ragnheiður Snorradóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og viðbótarmeistaragráðu (LL.M.) í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) árið 2007.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og útskrifaðist með diplómu í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þá lagði hún stund á meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum frá hausti 2024 en því námi er ólokið.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Halldóra hefur samkvæmt framansögðu lokið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði frá erlendum háskóla að loknu meistaraprófi í lögum frá Háskóla Íslands og MBA-námi frá síðarnefndum háskóla. Hún stendur því öðrum umsækjendum framar í þessum matsþætti. Skammt þar á eftir koma jafnsett þau *Eiríkur Elís*, *Hildur*, *Hulda* og *Ragnheiður* sem öll hafa lokið viðbótarmeistaragráðu í lögfræði frá erlendum

háskólum að loknu embættisprófi í lögum. Þá kemur *Þorbjörg Inga* sem hefur einnig lagt stund á frekara nám á sviði lögfræði að loknu embættisprófi í lögum en hún hefur lokið tveimur diplómagráðum og stundað meistaranám á sviði mannréttinda. Loks kemur *Berglind*.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Berglind Svavarsdóttir var tvisvar settur varadómari árið 2023. Annars vegar í fjölskipuðum héraðsdómi og hins vegar í Landsrétti. Þá var hún dómandi við Endurupptökudóm í rúmt ár, frá desember 2024 og út janúar 2026.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur verið settur dómari við Landsrétt frá janúar 2026 og var að auki settur dómari við réttinn um rúmlega tveggja mánaða skeið í lok árs 2024 og frá 1. maí til 19. júní 2025. Þar að auki hefur hann tekið sæti sem dómari í Landsrétti í þremur málum. Hann var varadómandi í Endurupptökudómi frá 2021 til janúarloka 2026 og hefur setið þar í yfir 30 málum. Þá hefur hann einu sinni tekið sæti í gerðardómi.

Halldóra Þorsteinsdóttir var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness í ágúst 2020 og tók sæti í einu máli í Félagsdómi árið 2025. Þá var hún aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands frá 2014 til 2017.

Hildur Briem var sett í embætti héraðsdómara í september 2011 við Héraðsdóm Austurlands en skipuð þar í embætti héraðsdómara og dómstjóra í október sama ár. Hún hefur verið dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá byrjun árs 2018. Hún var settur dómstjóri í maí 2020 við Héraðsdóm Austurlands og settur landsréttardómari frá 11. janúar til 30. júní 2021. Frá febrúar 2025 hefur hún verið dómandi við Endurupptökudóm. Þar hefur hún tekið sæti í sex málum en einu þeirra er ekki lokið. Hún hefur setið sem dómari í Hæstarétti í fjórum málum. Þá var hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands frá vori 2008 til september sama árs.

Hulda Árnadóttir var skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjaness í janúar 2021 og hefur tekið sæti í einum gerðardómi.

Ragnheiður Snorradóttir var skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur tvisvar tekið sæti sem oddamaður í gerðardómi.

5.3.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa fimm umsækjendur reynslu af því að hafa verið héraðsdómarar. Einn þeirra hefur komið að dómstörfum í Hæstarétti og Landsrétti og er skipaður dómandi í Endurupptökudómi. Einn umsækjandi hefur verið settur dómari við Landsrétt um níu mánuði og áður tekið sæti sem dómari í þremur málum við réttinn. Sá umsækjandi hefur jafnframt verið varadómandi í Endurupptökudómi auk þess að hafa setið einu sinni í gerðardómi. Einn umsækjenda hefur auk þess að vera héraðsdómari verið skipaður varadómari og síðar dómari í Félagsdómi og annar hefur tekið sæti í einu máli í Félagsdómi. Einn umsækjandi hefur verið dómandi við Endurupptökudóm. Einn umsækjandi hefur tvisvar tekið sæti í gerðardómi. Tveir umsækjenda hafa auk þess reynslu af því að vera aðstoðarmenn dómara. Við mat á hæfni að því er þennan þátt varðar vegur þessi reynsla eðlilega þyngst og skiptir þar meðal annars máli hvort umsækjandi hefur fengist jöfnum höndum við einkamál og sakamál. Störf aðstoðarmanna dómara hafa eðli máls samkvæmt minna vægi, ekki síst ef nokkuð langt er um liðið síðan þau voru innt af hendi.

Að öllu þessu virtu stendur *Hildur* fremst umsækjenda í þessum matsþætti en hún hefur gegnt embætti héraðsdómara í rúm 14 ár, verið sett dómari við Landsrétt í tæplega sex mánuði, verið dómandi við Endurupptökudóm í rúmt ár og verið sett dómari í fjórum málum í Hæstarétti. Þá var hún aðstoðarmaður héraðsdómara í rúm þrjú ár. Mjög skammt þar á eftir kemur *Ragnheiður* sem hefur verið héraðsdómari í tæp 13 ár. Þá kemur *Halldóra* sem auk þess að hafa verið héraðsdómari í tæplega sex ár hefur tekið sæti í einu máli í Félagsdómi og verið aðstoðarmaður við Hæstarétt um þriggja ára skeið. Skammt þar á eftir kemur *Hulda* sem hefur verið héraðsdómari í tæp fimm ár. Þá *Eiríkur Elís* sem hefur verið settur dómari við Landsrétt í níu mánuði, svo *Berglind*, loks *Þorbjörg Inga*.

5.4. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Berglind Svavarsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997 og hæstaréttarlögmaður árið 2008. Hún hefur starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður

frá 1996 eða í 30 ár og á þeim tíma staðið að rekstri lögmansstofu, ýmist ein eða sem meðeigandi. Hún hefur fengist við mál af fjölbreyttu svið lögfræðinnar, jafnt einka- og sakamál. Þá átti hún sæti í slitastjórn SPB hf. frá 2009 til 2016.

Eiríkur Elís Þorláksson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2002 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2008. Hann starfaði sem lögmaður árin 2002 til 2012 en sinnti lögmansstörfum í hlutastarfi meðfram kennslu til byrjunar árs 2026. Hann hefur flutt fjölda mála fyrir dómstólum á öllum dómstigum og á breiðu sviði, bæði einkamál og sakamál, auk þess að flytja mál fyrir gerðardómi.

Halldóra Þorsteinsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í janúar 2011 og starfaði sem fulltrúi á lögmansstofu frá útskrift á árinu 2010 til ársins 2013.

Hildur Briem öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001. Á árunum 2000 til 2005 starfaði hún í um fimm og hálft ár sem fulltrúi á ákærusviði hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík þar sem hún flutti meðal annars mál fyrir héraðsdómi.

Hulda Árnadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2003 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2018. Hún starfaði sem lögmaður á lögmansstofu frá árinu 2006 til 2021 þar af sem eigandi frá árinu 2009.

Ragnheiður Snorradóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996 og starfaði á lögmansstofu frá 2010 til 1. febrúar 2013.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1994 og Hæstarétti árið 2002. Hún hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður með eigin rekstur frá 1996 eða í 30 ár. Hún hefur fengist við fjölbætt málflutningsstörf og flutt fjölda mála á öllum dómstigum bæði einkamál og sakamál.

5.4.1. Reynsla af lögmans- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa fengist við lögmans- og málflutningsstörf en í mislangan tíma. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmenn, þar á meðal hvort þeir hafi haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmansstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, hvort þeir hafi

gert það samhliða öðrum störfum, hvort þeir hafi flutt mál fyrir dómstólum og hvort störf þeirra hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar, eftir því sem ráða má af umsóknargögnum. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats. Loks er höfð hliðsjón af því við mat á málflutningsreynslu umsækjenda hvort störfin, sem um er að ræða, feli jafnframt í sér stjórnsýslureynslu sem fellur undir kafla 5.5.

Samkvæmt framansögðu standa *Berglind* og *Þorbjörg Inga* fremstar í þessum matsþætti en báðar eiga þær langan lögmannsferil að baki. Þar á eftir kemur *Hulda* sem starfaði sem lögmaður að aðalstarfi í 17 ár á breiðu sviði réttarins og á hæla hennar kemur *Eiríkur Elís* sem einnig hefur starfað á breiðu sviði réttarins sem lögmaður að aðalstarfi í 10 ár og hefur sinnt lögmannstörfum í hlutastarfi frá 2012. Á eftir honum koma jafnsettar *Halldóra* og *Ragnheiður* en skammt þar á eftir kemur *Hildur* en hluti af störfum hennar sem saksóknarfulltrúi kemur til mats sem reynsla af stjórnsýslustörfum.

5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Berglind Svavarsdóttir starfaði sem löglærður fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík árin 1990 til 1996, þar af sem staðgengill sýslumanns frá 1995 til 1996. Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 1998 til 2002 og formaður barnaverndarnefndar Þingeyjarsýslu frá 2002 til 2007. Þá var hún varamaður í úrskurðarnefnd lögmanna árin 2005 til 2015. Hún sat í dómnefnd um umsækjendur sem sóttust eftir tilnefningu af Íslands hálfu sem dómarar í Mannréttindadómstól Evrópu 2013 og hefur setið í prófnefnd um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum frá árinu 2023. Hún var varamaður í Endurupptökunefnd frá 2015 til 2016 og tók þar sæti í einu máli. Hún sat í

yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis frá 2018 til 2022 og var formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar frá 2018 til 2026 og hefur auk þess gegnt formennsku í úrskurðarnefnd kosningamála frá 2022. Þá hefur hún verið varamaður í úrskurðarnefnd váttryggingamála frá 2026 og tekið þar sæti við meðferð nokkurra mála.

Eiríkur Elís Þorláksson var lögfræðingur hjá óbyggðanefnd um tíu mánaða skeið á árunum 2001 til 2002 og kom meðal annars að samningu fyrstu úrskurðarnefndarinnar. Þá var hann varamaður í nefndinni frá 2010 til 2023 og tók sæti í sex málum. Hann starfaði sem ritari kærunefndar útboðsmála frá 2002 til 2007 og kveðst hafa samið drög að úrlausn í málum. Árin 2016 til 2021 var hann varaformaður nefndar um dómarastörf og tók sæti í einu máli þar sem hann samdi drög að niðurstöðu. Í störfum sínum við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar með talið sem deildarforseti við deildina árin 2019 til 2024, sem og tímabundið við aðrar deildir, hefur hann að einhverju leyti þurft að gæta að reglum stjórnsýsluréttar við afgreiðslu tiltekinna mála, þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfseignarstofnun. Loks hefur hann verið settur lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli.

Halldóra Þorsteinsdóttir hefur starfað hjá áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2012, fyrst sem ritari og svo sem aðalmaður frá hausti 2013 og formaður nefndarinnar frá 2016. Á árunum 2017 til 2019 var hún auk þess varaformaður fjölmiðlanefndar. Þá hefur hún setið í rannsóknarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík, jafnréttisnefnd skólans og valnefnd vegna ráðninga og hefur að einhverju leyti þurft að gæta að reglum stjórnsýsluréttar við þau störf, þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfseignarstofnun.

Hildur Briem var á árunum 2000 til 2005 í um fimm og hálf ár fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík. Þá starfaði hún í um tvö og hálf ár sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis frá 2005 til 2008. Auk þessa hefur hún frá 2016 átt sæti í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi og var árin 2019 til 2021 varamaður í kærunefnd útboðsmála þar sem hún tók sæti í nokkrum málum. Þá var hún sett formaður kærunefndar jafnréttismála í einu máli árið 2016.

Hulda Árnadóttir starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd á árunum 2001 til 2005 eða í rúm fjögur ár, var varamaður í nefndinni á árunum 2007 til 2021 og kom

að fjölda úrskurða og var formaður hennar frá 2021 til 2025. Jafnframt hefur hún tekið þátt í störfum annarra úrskurðarnefnda innan stjórnslu, þ. á m. átti hún sæti í yfirfasteignamatsnefnd árin 2013 til 2019, þar af sem formaður frá 2015 til 2019, í kjararáði 2014 til 2018 og í fjölmiðlanefnd 2015 til 2019, þar af sem formaður frá 2017 til 2019.

Ragnheiður Snorradóttir starfaði í tæp tvö ár á árunum 1993 til 1994 sem lögfræðingur hjá skattstjóranum í Reykjavík. Einnig starfaði hún í fjármálaráðuneytinu frá 1994 til 1998 uns hún varð staðgengill skrifstofustjóra þar, en því starfi gegndi hún til ársins 2007 eða í um níu ár. Hún átti sæti í yfirskattanefnd þar sem hún starfaði í fullu starfi í tæp þrjú ár frá 2007 til 2010. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar raforkumála frá 2011 til 2013.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa frá 1993 til 1994 og hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins frá 1994 til 1996. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnibætur frá 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar frá 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar frá 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnæðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins frá 1994 til 2022.

5.5.1. Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnslustörfum. Í sumum tilvikum hafa stjórnsluverkefni verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki jafn þungt við mat á hæfni vegna stjórnslureynslu og ef um aðalstarf hefði verið að ræða. Þó skiptir máli hversu vel reynsla í slíkum störfum nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum. Störf þeirra, sem fást við að taka ákvörðun um saksókn, eru í eðli sínu stjórnslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau fela einnig í sér málflutning fyrir dómi sem fellur undir kafla 5.4. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi,

fjölbreytni og lengd starfstíma. Tekið skal fram að reynsla af stjórnun er sérstakur matsþáttur.

Að öllu þessu virtu stendur *Ragnheiður* fremst umsækjenda í þessum þætti mats en hún starfaði meðal annars sem lögfræðingur og síðar staðgengill skrifstofustjóra í ráðuneyti í um 13 ár og átti sæti í yfirskattanefnd í tæp þrjú ár. Hún fékkst við fleiri en eitt réttarsvið þann tíma sem hún starfaði í stjórnsýslu en stjórnsýslureynsla hennar er þó einkum bundin við að hafa leyst úr álitaefnum á sviði skattaréttar. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar raforkumála í tvö ár. Þar á eftir kemur *Berglind* sem starfaði í um sex ár sem löglærður fulltrúi sýslumanns, þar af sem staðgengill í eitt ár. Þá hefur hún setið í úrskurðarnefndum, þar af sem formaður í tveimur þeirra. Þar á eftir koma *Eiríkur Elís*, *Halldóra*, *Hildur* og *Hulda* en ekki eru efni til að gera upp á milli reynslu þeirra í þessum matsþætti.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Berglind Svavarsdóttir hefur leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Eiríkur Elís Þorláksson sinnti kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík í fullu starfi frá árinu 2012 til byrjunar árs 2026, fyrst sem lektor en dósent frá 2017 og fékkst einkum við kennslu á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, skuldaskilaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Þá annaðist hann stundakennslu við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 2002 til 2007 og frá 2012 til 2014 við lagadeild Háskólans á Bifröst. Auk þess hefur hann frá árinu 2017 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu sem bifreiðasalar 2000 til 2001. Hann hefur verið leiðbeinandi í fjölda BA- og meistararitgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík og aðra háskóla.

Halldóra Þorsteinsdóttir hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík í fullu starfi frá árinu 2017, fyrst sem sérfræðingur, þá lektor frá árinu 2018 og dósent frá árinu 2024. Þar hefur hún sinnt kennslu meðal annars í sakamálaréttarfari, fjármunarétti, fjölmiðlarétti, neytendarétti og úrlausn lögfræðilegra álitaefna. Árin 2019 og 2020 sinnti hún þar jafnframt kennslu í einkamálaréttarfari. Þá hefur hún verið prófdómari og leiðbeinandi í BA- og meistararitgerðum við lagadeild sama háskóla frá árinu 2017. Umsækjandinn hefur einnig verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fjölmiðlarétti frá árinu 2013 og almennum viðskipta- og neytendarétti frá 2015 til 2019. Þá hefur hún verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild sama háskóla. Frá árinu 2020 hefur umsækjandinn sinnt kennslu í diplómanámi á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Viðskiptaráðs. Hún hefur einnig kennt á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu sem bifreiðasalar árin 2011 til 2021.

Hildur Briem sinnti á árunum 2006 til 2010 stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands.

Hulda Árnadóttir hefur kennt eignarétt sem stundakennari og síðar aðjúnt (2018) við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2003, jafnframt því að hafa fengist við kennslu í samningarétti og hugverkarétti, þar á meðal höfundarétti, og faginu fasteignir og fasteignaréttindi. Jafnframt hefur hún verið prófdómari við einstaka meistararitgerðir frá árinu 2016 og verið leiðbeinandi við BA- og meistararitgerðir frá árinu 2007. Þá sinnti hún stundakennslu í fjölmiðlarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík haustið 2016 og í samkeppnisrétti við Háskólann á Bifröst árin 2013 til 2015. Hún hefur verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hún sinnti einnig stundakennslu við háskólann á Bifröst 2013 til 2015 í samkeppnisrétti og kenndi á námskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands vorið 2012 og haustið 2022 auk þess að vera prófdómari á námskeiði til að vera héraðsdómslögmaður.

Ragnheiður Snorradóttir sinnti stundakennslu í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst á árunum 2005 til 2010. Þá hefur hún verið stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2020 og áður árin 2009 til 2013. Jafnframt hefur hún frá 2017 annast stundakennslu við sömu

deild í nokkrum þáttum réttarfars og frá árinu 2019 kennt reglur um sönnun í einkamálum.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir sinnti stundakennslu í eignarétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og stundakennslu í kröfurétti við Háskólann á Akureyri árið 2024 og í málstofu um lögmannshlutverkið við sama háskóla frá 2025. Auk þessa hefur hún annast kennslu í lögfræðigreinum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Viðskiptaháskóla VTN.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess sem að framan er rakið hefur *Eiríkur Elís* sinnt kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 13 ár að aðalstarfi, þar af sem dósent frá 2017 eða í átta ár. Stendur hann öðrum umsækjendum því framar í þessum matsþætti. Á eftir honum kemur *Halldóra* sem sinnti kennslu í lögfræði á háskólastigi í um þrjú ár að aðalstarfi en hefur frá árinu 2020 sinnt kennslu í hlutastarfi meðfram dómstörfum, þar af sem dósent frá 2024. Þá kemur *Hulda* og þar á eftir jafnsettar *Ragnheiður* og *Þorbjörg Inga*. Þá kemur *Hildur* og loks *Berglind*.

5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.

Berglind Svavarsdóttir hefur haldið fyrirlestra og skrifað pistla um ýmis lögfræðileg efni.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur ritað tvær bækur um lögfræði, *Alþjóðlegan einkamálarétt* og *Bráðabirgðagerðir* og eru þær báðar ritrýndar. Þá hefur hann ritað fjórtán ritrýndar greinar, tvo ritrýnda bókarkafla og tvo óritrýnda bókarkafla, bæði einn og sem meðhöfundur, sem birst hafa hér á landi og erlendis. Eru skrif hans einkum á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar og fullnusturéttarfars. Umsækjandinn hefur og flutt allmarga fyrirlestra, bæði hér á landi og erlendis, um ýmis lögfræðileg efni.

Halldóra Þorsteinsdóttir ritaði bókina *Fjölmiðlaréttur* ásamt meðhöfundum. Hún samdi þrjá kafla þess þar sem meðal annars er fjallað um þróun aðferðafræði í meiðyrðamálum og sjónarmið um mat á heimild til að takmarka tjáningarfrelsið. Að

auki hefur hún ritað fjóra bókarkafla og tólf ritrýndar greinar um lögfræði, þar af í þremur tilvikum ásamt meðhöfundum. Jafnframt hefur hún ritað tvær óritrýndar greinar ásamt meðhöfundum. Skrif hennar eru einkum á sviði fjölmiðlaréttar, neytendaréttar, mannréttinda og réttarfars. Hún hefur flutt 21 erindi og fyrirlestra um lögfræðileg málefni hérlandis og erlendis.

Hildur Briem hefur haldið tvö erindi um sakamálaréttarfar á opinberum vettvangi, um ákærusmið á námskeiði ríkissaksóknara fyrir ákærendur og kröfur til sönnunar og skýrslugerðar við almenna deild lögreglustjórans í Reykjavík.

Hulda Árnadóttir hefur ásamt öðrum ritað eina ritrýnda, efnismikla fræðigrein um lögfræði og hefur ritað ásamt öðrum þrjá stutta kafa í erlend tímarit um íslenskan rétt. Skrif Huldu eru einkum á sviði samkeppnis- og hugverkaréttar að frátalinni ritrýndu greininni sem er á sviði eignarréttar. Þá hefur hún flutt tíu fyrirlestra og erindi um ýmis lögfræðileg málefni.

Ragnheiður Snorradóttir hefur samið ritrýnt rit ásamt meðhöfundum, *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur*, þar sem fjallað er um þær reglur sem gilda um slíka samninga og aðrar skattareglur í Evrópu. Ritið hefur verið endurútgefið og uppfært undir nýju heiti, *Alþjóðlegur skattaréttur*, og jafnframt hefur þriðji höfundurinn bæst við. Í ritinu er lýst reglum um tvísköttunarsamninga, evrópskum skattareglum og reglum um gagnkvæm upplýsingaskipti í skattamálum. Þá hefur hún ritað fjórar fræðigreinar á sviði skattaréttar, þar af tvær ásamt meðhöfundum, og eru þrjár þeirra ritrýndar.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur flutt ýmsa fyrirlestra um lögfræðileg málefni á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þróunarsjóðs EFTA og hjá Reykjavíkurborg.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum og erindum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg

efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að öllu framangreindu virtu stendur *Eiríkur Elís* fremstur umsækjenda í þessum hluta mats en á eftir honum kemur *Halldóra*. Þar á eftir koma *Hulda* og *Ragnheiður* jafnsettar. Loks koma jafnsettar *Berglind*, *Hildur* og *Þorbjörg Inga*.

5.7. Reynsla af stjórnun

Berglind Svavarsdóttir rak eigin lögmannsstofu og fasteignasölu á Húsavík um nokkurra ára bil og hefur verið meðeigandi á lögmannsstofum í Reykjavík frá árinu 2003. Hún átti sæti í slitastjórn SPB hf. frá 2009 til 2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. árin 2016 til 2024, þar af sem varaformaður frá 2018. Einnig var hún formaður áhættunefndar bankans um hríð. Þá var hún formaður barnaverndarnefndar Suður-Pingeyjarsýslu frá 1998 til 2002 og barnaverndarnefndar Pingeyjarsýslu árin 2002 til 2007. Hún var varaformaður Lögmannafélags Íslands frá 2016 til 2017 og formaður þess frá 2018 til 2021. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar kosningamála frá 2022 og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar frá 2018.

Eiríkur Elís Þorláksson sat sem einn eigenda lögmannsstofu í stjórn hennar frá 2006 til 2007. Hann var stjórnarformaður Stoda hf. frá 2009 til 2014 og sat í varastjórn félagsins frá 2019 til ársloka 2025. Þá sat hann í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. árin 2011 til 2013. Hann var einnig framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs innstæðueigenda í nokkra mánuði eftir bankahrún árið 2008. Auk þessa hefur hann haft með hendi stjórnunarstörf í lagadeild Háskólans í Reykjavík og var deildarforseti hennar árin 2019 til 2024. Þá var hann deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í níu mánuði á árinu 2021 og var settur *ad-hoc* deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022. Hann hefur verið formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli, er formaður Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og var formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2011 til 2012.

Halldóra Þorsteinsdóttir hefur verið formaður áfrýjunarnefndar neytendamála frá árinu 2016. Hún var jafnframt varaformaður fjölmiðlanefndar frá

2017 til 2019 og hefur verið formaður fulltrúaráðs Codex frá árinu 2019 og setið í stjórn réttarfarsstofnunar Háskólans í Reykjavík frá árinu 2020.

Hildur Briem var dómstjóri Héraðsdóms Austurlands á árunum 2011 til 2017 og settur dómstjóri við sama dómstól í maí 2020.

Hulda Árnadóttir stóð að rekstri lögmannsstofu frá því í ársbyrjun 2009 og tók sæti í stjórn hennar 2017. Samhliða var hún framkvæmdastjóri dótturfyrirtækis stofunnar árin 2018 til 2021. Hún var formaður óbyggðanefndar frá 2021 til 2025 og var varaformaður fjölmiðlanefndar 2015 til 2017, formaður hennar 2017 til 2019, svo og formaður yfirfasteignamatnefndar frá 2015 til 2019. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar BÍlgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda frá árinu 2020.

Ragnheiður Snorradóttir var settur skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu um skeið á árinu 2007 og gegndi formennsku í fjölmörgum nefndum á meðan hún starfaði hjá ráðuneytinu árin 1994 til 2007. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar um raforkumál frá 2011 til 2013.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1996 og sat í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Hún var jafnframt formaður Úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur frá 2011 til 2019, formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar frá 2002 til 2020 og varaformaður félags- og barnaverndarnefndar sveitarfélagsins frá 2002 til 2022. Hún var framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar frá 1996 til 2024, stjórnarformaður Bjarkarhlíðar í Reykjavík frá 2019 til 2023 og stjórnarmaður í Bjarmahlíð á Akureyri frá 2018 til 2024. Þá sat hún í stjórn Kvenréttindafélags Íslands frá 1999 til 2009, lengst af sem formaður félagsins, eða frá 2000 og í stjórn International Alliance of Women.

5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf landsréttardómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt

slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Að þessu gættu eru *Berglind* og *Eiríkur Elís* jafnsett og fremst í þessum matsþætti en bæði hafa reynslu af rekstri eigin lögmannsstofu auk þess að hafa langa og víðtæka reynslu af stjórnunarstörfum innan ýmissa nefnda, félaga og stofnana og hefur *Eiríkur Elís* jafnframt starfað sem deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Þá koma jafnsettar *Hulda* sem hefur fengist við ýmis stjórnunarstörf tengd rekstri lögmannsstofu og formennsku í úrskurðarnefndum innan stjórnsýslu og *Þorbjörg Inga* sem á að baki áratugalanga reynslu af rekstri eigin lögmannstofu og hefur um árabil fengist við ýmis önnur stjórnunarstörf. Á eftir þeim koma *Halldóra* og *Hildur* jafnsettar, loks *Ragnheiður*.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í störfum við Landsrétt að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

Berglind Svavarsdóttir hefur setið í stjórn Lögfræðingafélags Norður-og Austurlands og var formaður félagsins frá 2000 til 2002.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur setið í réttarfarfsnefnd frá árinu 2022. Hann aðstoðaði við gerð frumvarps er síðar varð að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup og hefur komið fyrir þingnefndir og veitt álit um lagafrumvörp. Hann hefur verið dómkvaddur ríflega sextíu sinnum sem matsmaður og yfirmatsmaður í skaðabótamálum og samið mikinn fjölda matsgerða í slíkum málum. Einnig hefur hann verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum í Lúxemborg, Englandi, Þýskalandi og Svíþjóð um skýringar á ákvæðum íslenskra laga á ýmsum réttarsviðum. Hann var framkvæmdastjóri Bókaútgáfunnar Codex (áður Bókaútgáfa Orators) frá 1999 til 2001 og sat í stjórn útgáfunnar frá 2002 til 2007, þar af sem formaður frá 2005 til 2007. Þá var hann formaður handknattleiksdeildar Gróttu frá 2009 til 2014.

Halldóra Þorsteinsdóttir var skipuð annar stjórnarmaður Íslands í COST-vinnuhópi um endurskoðun og tillögur varðandi mannréttindavernd á internetinu

árið 2020. Árið 2023 var hún tilnefnd af dómsmálaráðuneyti til að gegna stöðu tengiliðar dómara vegna Haag-samningsins. Þá hefur hún tekið þátt fyrir hönd Íslands í verkefninu Spark Legal Network á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá árinu 2021 og setið í Fræðsluráði dómara frá 2023. Hún hefur komið að samningu tveggja lagafrumvarpa, annars vegar um miskabætur og hins vegar breytingu á fjölmiðlalögum.

Hildur Briem var skipuð í nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla í apríl 2026, sat í stjórn Dómarafélags Íslands á árunum 2013 til 2017. Þá átti hún sæti í stjórn SEND, sem sér um endurmenntun dómara á Norðurlöndum árin 2019 til 2025.

Hulda Árnadóttir átti sæti í vinnuhópi sem samdi drög að frumvarpi sem varð að lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og hefur síðar komið að samningu frumvarps til breytinga á þeim. Þá hefur hún setið í vinnuhópum á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hafa unnið við að semja drög að frumvörpum, sem ekki hafa orðið að lögum, sem og reglugerða á sviði fiskveiðistjórnunar. Árið 2019 var hún skipuð af ráðherra í verkefnastjórn um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni. Frá árinu 2017 hefur hún verið dómari við áfrýjunardómstól Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Ragnheiður Snorradóttir gegndi formennsku í fjölmörgum nefndum meðan hún starfaði hjá fjármálaráðuneytinu frá 1994 til 2007, þar á meðal í prófnefnd um viðurkennda bókara frá 1998 til 2002.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur frá árinu 1993 verið sjálfboðaliði í Kvennaráðgjöfinni sem veitir ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Hún var einnig lögfræðiráðgjafi og verkefnastjóri hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands 2010 til 2024. Þá hefur hún tekið þátt í ýmsu nefndarstarfi og sat meðal annars í jafnréttisráði Íslands frá 2001 til 2009.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem

stjórnsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti dómara við Landsrétt.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið eru *Eiríkur Elís, Halldóra* og *Hulda* fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats og jafnsett, þá kemur *Hildur* svo *Berglind* og *Þorbjörg Inga* jafnsettar. Loks *Ragnheiður*.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði. Markmið með því mati er að kanna hvort umsækjandi hafi þau tæk á réttarfarsreglum að hann búi yfir þessari sérstöku starfshæfni sem fjallað er um í 4. tölulið 4. gr. reglnanna.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum landsréttardómara. Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd eining svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjendanna sjö til að semja dóma.

Í auglýsingu um embættið var þess óskað að umsækjendur létu nefndinni meðal annars í té afrit dóma í munnlega fluttum málum sem þau hefðu samið atkvæði í síðustu tólf mánuði, afrit af stefnu og greinargerð í málum sem þau hefðu samið og flutt munnlega síðustu tólf mánuði, afrit af úrskurðum stjórnvalda sem þau hefðu samið síðustu tólf mánuði og útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum og þess jafnframt óskað að ritrýnd framlög væru auðkennd sérstaklega. Við þetta mat hefur nefndin horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Þegar um dómsúrlausnir er að ræða er rétt að taka fram að hafi niðurstaða héraðsdóms eða Landsréttar verið staðfest af Landsrétti eða eftir atvikum Hæstarétti með vísan til forsendna ekki síst ef málið var tiltölulega flókið úrlausnar, gefur það

vísbendingu um að dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið vel saminn. Á hinn bóginn sker það eitt ekki úr heldur getur dómur verið vel saminn og niðurstaða hans studd gildum lögfræðilegum rökum þótt niðurstaða æðri dóms hafi verið önnur og geta afdrif máls fyrir æðra dómi því ekki ráðið úrslitum við mat á hæfni umsækjenda að þessu leyti. Hinu sama gegnir við mat á málflutningsskjölum þar sem teflt er fram þeim sjónarmiðum sem eru hagfelldust umbjóðanda lögmanns og verða því takmarkaðri ályktanir dregnar af niðurstöðu dómstóla við mat þeirra í þessum matsþætti.

Að þessu virtu og með skírskotun til fyrrgreindra umsagna um framlög umsækjenda er það niðurstaða dómnefndar að allir umsækjendur búi yfir færni til að semja drög að atkvæðum í Landsrétti. Það er einnig niðurstaða nefndarinnar að umsækjendurnir *Berglind*, *Eiríkur Elís*, *Halldóra*, *Hildur*, *Hulda* og *Ragnheiður* hafi öll sýnt fram á með framlögum sínum að þau búa yfir góðri færni í þessum hluta matsins. Úrlausnir þeirra eru glöggar og studdar gildum lögfræðilegum rökum og á góðu máli. Við samanburð milli þessara umsækjenda er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að *Eiríkur Elís Þorláksson* hafi sýnt að hann sé færastur umsækjenda til að semja dómsúrlausnir. Er ekki síst horft til þess að hann hefur sýnt góða færni við að semja dóma og úrskurði bæði í Landsrétti sem fjallað er um í kafla 3, sem og í Endurupptökudómi, í fjölbreytilegum málum. Einnig er í þessum hluta matsins litið til birts ritrýnds framlags hans til lögfræðilegra rannsókna á dreifðu sviði. Af þessu má ráða að honum er lagið að setja ágreining fram á hnitmiðaðan og skýran hátt á góðu máli. Á eftir honum koma jafnsettar *Halldóra*, *Hildur*, *Hulda* og *Ragnheiður* sem allar hafa starfað um nokkra hríð sem dómarar við héraðsdóm og tekist þar á við fjölbreytt ágreiningsmál á flóknum réttarsviðum. Hefur nefndin að auki horft til þess hvernig úrlausnum þeirra hefur farnast við endurskoðun á æðra dómstigi. Þótt úrlausnir þeirra séu mismundandi er það sammerkt þeim að vera settar fram á skýran og glöggan hátt þar sem málavöxtum eru gerð góð skil og vel rökstuddar. Þeim jafnsett er einnig *Berglind* sem hefur starfað um árabil sem lögmaður auk þess að hafa verið dómandi við Endurupptökudóm og formaður úrskurðarnefnda á sviði lögfræði þar sem hún hefur samið drög að úrlausnum. Framlög hennar eru skýr og glögg og vel rökstudd.

7. Niðurstaða dómnefndar

Markmið með störfum dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir af sjö umsækjendum um skipun í embætti landsréttardómara séu hæfastir til að gegna þeim embættum, eftir atvikum hvort þeir séu jafn hæfir til þess. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020 sem og laga nr. 50/2016. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum við heildarmat dómnefndar.

Niðurstaða dómnefndar er enn fremur byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytt, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði og hve langt er liðið frá því þeir gegndu slíkum störfum. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þýngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi. Mat nefndarinnar er heildarmat allra framangreindra matsþátta.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla 6 er það mat dómnefndar að *Eiríkur Elís Þorláksson* hafi sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma og því næst jafnsettar *Berglind, Halldóra, Hildur, Hulda* og *Ragnheiður*. Í köflum 5.2. til 5.9. hér að framan hefur jafnframt verið fjallað um einstaka matsþætti þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og stjórnsýslustörfum vega þýngst og hafa jafn mikið vægi hver þáttur um sig. Nefndarmenn hafa auk þess kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, umsóknargögn og aðrar opinberar upplýsingar og byggir álit nefndarinnar í öllu verulegu á því sem þar kemur fram.

Þegar metið er heildstætt menntun, starfsferill og fræðileg þekking, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í störfum umsækjenda svo sem nefndinni ber að gera samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020 og með tilliti til þess sem fram kom í viðtölum er það mat nefndarinnar að *Eiríkur Elís Þorláksson* standi fremstur umsækjenda að þessu leyti. Samkvæmt umsóknargögnum býr *Eiríkur Elís* yfir almennt og viðtækri lögfræðilegri þekkingu en hann hefur meðal annars starfað sem lögmaður auk þess að vera dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og deildarforseti um fimm ára skeið og settur dómari við Landsrétt. Hann hefur auk þess verið virkur við fræðilegar rannsóknir, gefið út tvær fræðibækur auk fjölda ritrýndra greina. Næst koma jafnsettar *Berglind Svavarsdóttir*, *Halldóra Þorsteinsdóttir*, *Hildur Briem*, *Hulda Árnadóttir* og *Ragnheiður Snorradóttir*, en það er mat nefndarinnar að öll hafi þau til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu. *Berglind Svavarsdóttir* hefur starfað um árabíl sem lögmaður á fjölbreyttu sviði. Hún var einnig skipaður dómandi við Endurupptökudóm og hefur verið formaður úrskurðanefnda á sviði lögfræði auk þess að hafa verið staðgengill sýslumanns. *Halldóra Þorsteinsdóttir* hefur verið héraðsdómari frá árinu 2020 og dæmt í málum á fjölbreyttum réttarsviðum auk þess að starfa í úrskurðanefndum innan stjórnsýslu. Hún hefur sinnt kennslu við innlenda háskóla og ritað ritrýndar fræðigreinar og bækur á sviði lögfræði og komið að smíði frumvarpa. *Hildur Briem* býr yfir reynslu af því að starfa innan stjórnsýslu meðal annars hjá embætti umboðsmanns Alþingis auk þess að starfa sem saksóknari. Þá hefur hún starfað sem dómari frá 2011, verið dómstjóri auk þess að vera settur dómari við Landsrétt og í einstökum málum við Hæstarétt Íslands. Þá er hún dómandi við Endurupptökudóm. *Hulda Árnadóttir* hefur meðal annars starfað sem lögmaður en hefur verið héraðsdómari frá árinu 2021. Auk þess hefur hún sinnt kennslu við innlenda háskóla. Hún hefur setið í fjölda úrskurðarnefnda á sviði sýslustjórnsýslu síðast sem formaður óbyggðanefndar. Þá hefur hún sinnt kennslu á sviði lögfræði um langt árabíl og komið að smíði frumvarpa. *Ragnheiður Snorradóttir* býr yfir langri reynslu af því að starfa innan stjórnsýslu, meðal annars í fjármálaráðuneyti og einnig í yfirkattanefnd. Hún hefur sinnt kennslu við innlenda háskóla auk þess að hafa ritað fræðigreinar og bækur á sviði skattaréttar. Hún hefur starfað sem héraðsdómari frá árinu 2013.

Þegar lítið er heildstætt til allra framangreindra þátta og færni umsækjenda til að leysa úr málum sem koma til kasta Landsréttar er það mat dómnefndar að þótt umsækjendur hafi allir öðlast þá fjölbreyttu lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera, standi *Eiríkur Elís* fremstur umsækjenda og því næst *Berglind, Halldóra, Hildur, Hulda og Ragnheiður* jafnsett. Að mati nefndarinnar hafa þau sýnt sjálfstæði, hlutlægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og eiga auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þau hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Berglind Svavarsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1989 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997 og hæstaréttarlögmaður árið 2008. Hún hefur einnig lokið diplómanámi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri. Hún starfaði sem löglærður fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík, þar af sem staðgengill sýslumanns frá 1995 til 1996. Á árunum 1996 til 2003 rak hún eigin lögmennsstofu og fasteignasölu á Húsavík og frá árinu 2003 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi lögmennsstofa í Reykjavík. Hún hefur tvisvar verið settur varadómari, annars vegar við fjölskipaðan Héraðsdóm Reykjavíkur árið 2023 og hins vegar við Landsrétt sama ár og var skipuð dómandi við Endurupptökudóm frá desember 2024 til loka janúar 2026. Hún hefur leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við lagadeild Háskólans á Akureyri, setið í slitastjórn SPB hf. frá 2009 til 2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. frá 2016 til 2024, þar af sem varaformaður frá 2018. Hún var formaður barnaverndarnefndar Suður-Þingeyjarsýslu árin 1998 til 2002, formaður barnaverndarnefndar Þingeyjarsýslu frá 2002 til 2007, varamaður í úrskurðarnefnd lögmanna frá 2005 til 2015, í stjórn félags kvenna í lögmennsku frá 2008 til 2010 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands árin 2015 til 2021, sem varaformaður frá 2016 til 2017 og formaður frá 2018 til 2021. Hún var varamaður í Endurupptökunefnd frá 2015 til 2016 og tók þar sæti í einu máli. Hún sat í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis frá 2018 til 2022, var formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar frá 2018 til 2026 og gegnir nú formennsku í úrskurðarnefnd kosningamála frá 2022 ásamt því að vera varamaður í úrskurðarnefnd váttryggingamála frá 2026 þar sem hún hefur tekið sæti í nokkrum málum.

Eiríkur Elís Þorláksson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og LL.M.-námi við King's College í London árið 2008. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 2002 og fyrir Hæstarétti árið 2008 og prófi til að teljast hæfur stjórnarmaður í váttryggingafélagi árið 2011. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd. Á árinu 2002 hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en var meðeigandi að lögmannsstofu árin 2004 til 2011. Frá 2012 hefur hann starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2017, auk þess sem hann hefur jafnframt sinnt lögmannsstörfum á þeim tíma. Frá mars 2019 til apríl 2024 gegndi hann starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík auk þess að hafa sinnt kennslu við aðra háskóla og á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur ritað tvær bækur á sviði réttarfars, tvo ritrýnda bókarkafla og fjórtán ritrýndar fræðigreinar, þar af eru þrjár ritaðar ásamt öðrum. Hann var varamaður í óbyggðanefnd frá 2010 til 2023 þar sem hann tók sæti í sex málum og hefur verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2022. Umsækjandinn hefur einnig verið varadómandi í Endurupptökudómi frá 2021 þar sem hann hefur setið í yfir 30 málum, verið settur dómari við Landsrétt í þremur málum árið 2021, um rúmlega tveggja mánaða skeið í lok árs 2024 og aftur frá 1. maí 2025 fram til 19. júní sama ár. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, svo sem Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Stoða hf., sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex frá 2001 til 2007 og gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, þar af formaður frá 2022 til 2024.

Halldóra Þorsteinsdóttir lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraprófi í lögfræði frá sama skóla árið 2010, MBA-námi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands árið 2015 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá University of London árið 2020. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2011. Hún starfaði fyrst sem fulltrúi og síðar sem lögmaður á lögmannsstofu þar til hún tók við starfi aðstoðarmanns í Hæstarétti í mars 2014 sem hún gegndi um þriggja ára skeið. Frá árinu 2017 hefur hún starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2024. Í ágúst 2020 var umsækjandi skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness og hefur tekið sæti í einu máli í Félagsdómi árið 2025. Samhliða starfi sínu sem héraðsdómari hefur hún

gegnst hlutastarfi lektors og síðan dósentis við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hún hefur einnig verið prófdómari og leiðbeinandi í ritgerðum við sama skóla frá árinu 2017. Þá hefur hún frá árinu 2020 sinnt kennslu í diplómanámi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun á vegum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Viðskiptaráðs, stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2014 og einnig verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við deildina. Hún hefur starfað við áfrýjunarnefnd neytendamála frá árinu 2013 fyrst sem ritari en frá sama ári sem nefndarmaður og formaður frá árinu 2015. Frá 2017 til 2019 var hún varaformaður fjölmiðlanefndar. Hún ritaði bókina *Fjölmiðlaréttur* ásamt öðrum. Umsækjandinn hefur ritað fjóra bókarkafla og tólf ritrýndar greinar um lögfræðileg málefni, þar af þrjár ásamt meðhöfundum, og tvær óritrýndar greinar ásamt meðhöfundum. Hún var ritstjóri Tímarits Lögréttu á árunum 2018 til 2020 og árið 2021 var hún settur ritstjóri 1. tölublaðs Tímarits lögfræðinga. Árið 2020 var hún skipuð annar stjórnarmaður Íslands í COST-vinnuhópi um endurskoðun og tillögur um mannréttindavernd á internetinu og tilnefnd árið 2023 af dómsmálaráðuneyti til að gegna stöðu tengiliðar dómara vegna Haag-samningsins. Hún hefur komið að undirbúningi frumvarpa til laga um meiðyrði og breytinga á lögum um fjölmiðla.

Hildur Briem lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2000 og viðbótarmeistaragráðu í Evrópurétti (LL.M.) frá Háskólanum í Lundi í júní 2005 og viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands í febrúar 2022. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2001. Hún starfaði frá 2000 sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík á ákærusviði embættisins en hóf störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar til vors 2008 þegar hún varð aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september 2011. Í október það ár var hún skipuð í embætti héraðsdómara og dómstjóra við Héraðsdóm Austurlands. Í byrjun árs 2018 fluttist hún í Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur verið dómari þar síðan fyrir utan að hún var settur dómstjóri í maímánuði 2020 við Héraðsdóm Austurlands og settur landsréttardómari frá 11. janúar til 30. júní 2021. Þá hefur hún verið sett dómari í Hæstarétti í fjórum málum. Umsækjandi hefur verið dómandi við Endurupptökudóm frá febrúar 2025. Á árunum 2006 til 2010 sinnti hún stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla

Íslands. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands árin 2013 til 2017 og var varamaður í dómstólaráði árið 2017. Þá hefur hún setið í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi frá ársbyrjun 2016, var settur formaður kæruneftndar jafnréttismála í einu máli á árinu 2016 og var varamaður í kæruneftnd útboðsmála frá 2019 til 2021, þar sem hún tók sæti í nokkrum málum. Umsækjandi var skipuð til eins árs í nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla í apríl 2026.

Hulda Árnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2001 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Bristol-háskóla á Englandi árið 2006. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2003 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2018. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd frá júní 2001 til september 2005, en síðan sem lögmaður á lögmannsstofu frá hausti 2006 þar af sem meðeigandi stofunnar árin 2009 til 2021. Í janúar 2021 var umsækjandinn skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjaness en auk þess tók hún sæti í gerðardómi árið 2022. Hún hefur sinnt stundakennslu í Háskóla Íslands frá árinu 2003 þar sem hún varð aðjúnt árið 2018. Hún hefur prófdómari við varnir meistararitgerða og haft umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum við þann skóla. Hún var stundakennari við Háskólann í Reykjavík haustið 2016 auk þess að vera þar prófdómari og leiðbeinandi við einstakar meistararitgerðir. Þá var hún stundakennari við Háskólann á Bifröst á árunum 2013 til 2015. Umsækjandinn tiltekur eina ritrýnda fræðigrein sem hún hefur ritað með öðrum og efni sem notað hefur verið til kennslu í inngangi að hugverkarétti. Auk þess að hafa verið stjórnarmaður á lögmannsstofu um fjögurra ára skeið var hún framkvæmdastjóri dótturfélags stofunnar frá 2018 þar til hún varð héraðsdómari. Einnig hefur hún setið í nokkrum stjórnsýslunefndum og -ráðum, þ.e. í fjölmiðlanefnd, fyrst sem varamaður frá 2011 til 2015, síðan sem varaformaður frá 2015 til 2017 og loks formaður frá 2017 til 2019, í yfirfasteignamatsnefnd á árunum 2013 til 2019, þar af sem formaður frá 2015 til 2019 og loks í kjararáði, fyrst sem varamaður árin 2011 til 2014 og síðan aðalmaður frá 2014 til 2018. Jafnframt var hún varamaður í óbyggðanefnd á árunum 2007 til 2021 og tók ríkan þátt í störfum nefndarinnar ásamt því að vera formaður hennar frá 2021 til 2025. Hún var formaður úrskurðarnefndar Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda frá 2020 til 2023 og varaformaður Siðanefndar Læknafélags Íslands frá

2024. Umsækjandinn var varamaður í stjórn Dómarafélags Íslands árin 2021 til 2025 og stjórnarmaður frá 2025. Hún hefur setið í áfrýjunardómstóli Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands frá 2017, var stjórnarmaður í Viðskiptaráði Íslands 2020 til 2021, nefndarmaður í INTA Unfair Competition Committee frá 2019 til 2021, stjórnarmaður í námssjóði Lögmannafélags Íslands frá 2018 til 2021. Hún hefur unnið við undirbúning lagafrumvarpa, meðal annars frumvarp til laga um fjölmiðla sem varð að lögum nr. 38/2011 og frumvarp til breytinga á þeim lögum, sem varð að lögum nr. 54/2013, auk þess að vinna við ýmis frumvörp til laga og breytingalaga á sviði fiskveiðistjórnunar.


Ragnheiður Snorradóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1993 og meistaraprófi í skattarétti og skattskilum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) árið 2007. Haustið 2012 stundaði hún nám við lagadeild Árósháskóla í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði hérlandis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Hún hóf störf hjá skattstjóranum í Reykjavík árið 1993 fram til desember 1994. Á árunum 1994 til 2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra frá 1998 til 2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið árið 2007. Árin 2007 til 2010 var hún nefndarmaður að aðalstarfi í yfirskattanefnd. Hún hóf störf á lögmannsstofu árið 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. febrúar 2013. Á árunum 2005 til 2010 var umsækjandinn stundakennari í alþjóðlegum skattarétti við Háskólann á Bifröst, árin 2009 til 2013 var hún stundakennari í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands og frá 2017 í réttarfari við sömu deild. Frá árinu 2022 hefur hún á ný sinnt stundakennslu í alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur samið ritið *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur* ásamt öðrum en það hefur verið endurútgefið og uppfært undir nýju heiti, *Alþjóðlegur skattaréttur*, jafnframt því sem þriðji höfundurinn hefur bæst við. Þá hefur hún ritað þrjár ritrýndar fræðigreinar og eina óritrýnda grein með öðrum. Hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara á árunum 1998 til 2002, formaður úrskurðarnefndar um raforkumál 2011 til 2013 og átti sæti í Norræna skattrannsóknar-

ráðinu árin 1999 til 2007. Þá samdi hún á árinu 2008, ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd, frumvarp til laga um gjalddöku í ferðaþjónustunni.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að *Eiríkur Elís Þorláksson* sé fremstur umsækjenda og því næst *Berglind Svavarsdóttir*, *Halldóra Þorsteinsdóttir*, *Hildur Briem*, *Hulda Árnadóttir* og *Ragnheiður Snorradóttir* jafnsettar til að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 1. apríl 2026.

Reykjavík, 9. júní 2026


Ása Ólafsdóttir


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Arnfríður Einarsdóttir


Reimar Pétursson


Þorgeir Örlygsson